



ÍBÚAHREYFINGIN & PÍRATAR



Öflugt aðhald hefur einkennt starf Íbúahreyfingarinnar í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og ljóst er að þörf er á því áfram. Með liðsstyrk Pírata munum við vinna áfram að velferð allra Mosfellinga af heiðarleika og festu.

Í-listinn vinnur fyrir íbúa!

Íbúahreyfingin býður nú fram í þriðja sinn í Mosfellsbæ, að þessu sinni með liðsstyrk Pírata undir listabókstafnum Í. Fyrir kosningarnar 2014 gekk Sigrún H. Pálsdóttir til liðs við Íbúahreyfinguna og hefur hún staðið í ströngu á kjörtímabilinu, veitt meirihlutunum öflugt aðhald og lagt áherslu á að rjúfa kyrrstöðu sem ríkt hefur í málaflokkum sem skipta miklu fyrir Mosfellinga.

Gegnsæi og vinnubrögð

Lýðræðisleg vinnubrögð og vönduð stjórn-sýsla hafa verið eitt helsta baráttumál Íbúahreyfingarinnar. Á kjörtímabilinu sem er að líða höfum við ítrekað hvatt til þess að fagnefndirnar fái málefni sem þær varða inn á borð til sín. Á því hafa verið vanhöld. Til dæmis vakti Íbúahreyfingin athygli á því að ekki var gert ráð fyrir íþróttastöðu í Helgafellsskóla í upphaflegri þarfragreiningu og fór fram á að íþrótt- og tómstundanevnd fengi að fjalla um málið. Vegna þrýstings var íþróttahúsi bætt inn á uppdrátt en meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna er enn á báðum áttum um hvort byggja skuli húsið. Íbúahreyfingin og Píratar vilja sjá íþróttahúsið rísa.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2015 lagði Íbúahreyfingin til að gerð yrði langtímaáætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Mosfellsbæ en Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn vísuðu tillögunni frá. Einnig hefur Í-

búahreyfingin ítrekað lagt til að bæjarráð, íbúar og fagnefndir komi með beinum hætti að gerð fjárhagsáætlunar og fái að hafa meiri áhrif á mótun nærumhverfisins. Íbúahreyfingin studdi því Okkar Mosó með ráðum og dád. Það munu Íbúahreyfingin og Píratar gera áfram.

Lóðaúthlutanir

Íbúahreyfingin hefur ítrekaði óskað eftir því að betur sé staðið að auglýsingu lóða og útboðum á þeim hjá Mosfellsbæ. Í þágu gegnsæis höfum við lagt ríka áherslu á að lóðir sveitarfélagsins skuli ekki seldar sjóðum og skúffufyrirtækjum með óljóst eignarhald. Í-listi telur að um fasteignaviðskipti opinberra aðila eigi að ríkja gegnsæi og munum við beita okkur af afli fyrir því.

Skipulagsvaldið tekið alvarlega

Íbúahreyfingin hefur ennfremur hvatt meirihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna til að taka það hlutverk sitt alvarlega að sveitarfélagið sé handhafi skipulagsvalds. Skipulag hefur endurtekið verið lagað að kröfum byggingaraðila, byggingarmagn margfaldað og gæði húsnæðis gefin eftir. Heildarsýn og samfélagslegir hagsmunir er það sem skipulag og uppbygging eiga að snúast um og fyrir það standa Íbúahreyfingin og Píratar.

Skógrækt, náttúra og fræðsla

Í-listinn vill veg skógræktar sem mestan og hefur Íbúahreyfingin lagt til að gert sé skógræktarskipulag fyrir Mosfellsbæ. Einnig að gerður verði þjónustusamningur við skógræktarfélagið um rekstur útivistarsvæðisins í Hamrahlíðarskógi. Uppeldi skiptir máli í skógrækt sem öðru.

Þess vegna vill Í-listinn styðja við bakið á þeim aðilum sem bjóða upp á umhverfisfræðslu fyrir börn og fullorðna á sviði skógræktar.

Hjartans mál Í-listans er náttúruvernd. Liður í henni er fræðsla. Að tillögu Íbúahreyfingarinnar hafa verið sett upp fræðsluskilti um fuglalíf á nokkrum stöðum við Leirvoginn.

Skólar og tónlist

Málefni tónlistarskólans hafa verið Íbúahreyfingunni hugleikin á kjörtímabilinu og við lagt áherslu á að fjölga kennurum og bætta aðstöðu til tónlistarkennslu í skólum. Lúðrasveitin fellur þar undir. Íbúahreyfingin og Píratar sjá fyrir sér byggingu menningarhúss með sal til tónleikahalds en þangað til verði Hlégarður nýttur sem félags- og menningarmiðstöð Mosfellinga. Íbúahreyfingin hefur stutt kjarabaráttu kennara og kallað eftir því að hlustað sé eftir sjónarmiðum þeirra. Í-listinn leggur áherslu á bætt starfsumhverfi kennara, sérfræðiaðstoð og þjónustu við börn með sérþarfir í leik- og grunnskólum. Íbúahreyfingin hefur talað fyrir því að skólayfirvöld taki mark á áhyggjum foreldra skólabarna í Mosfellsbæ.

Á kjörtímabilinu lögðum við til að bæjarráð fengi árlega afhenta skýrslu um einelti í skólum og á vinnustöðum sveitarfélagsins. Íbúahreyfingin hefur einnig talað fyrir lækkun leikskólagjalda og Í-listinn vill gera enn betur í því í framtíðinni.

Hækkun fjárhagsaðstoðar

Íbúahreyfingin lætur sé annnt um þá sem minna mega sín og hefur ítrekað borið upp

tillögur um að fjárhagsaðstoð verði hækk-uð. Tekin hafa verið hænuskref í þá átt. Upphæðin er þó svo lág að fólk getur ekki framfleytt sér. Úr því vilja Íbúahreyfingin og Píratar bæta.

Húsnæði fyrir unga og efnaminni

Í húsnæðismálum hefur Íbúahreyfingin látið til sín taka og lagði til að þak yrði sett á leiguverð í væntanlegum leiguíbúðum við Þverholt. Við því var ekki orðið.

Íbúahreyfingin hefur talað fyrir samningum við byggingarsamvinnu- og íbúðafélag sem starfa án hagnaðarmarkmiða, og lagt til að Mosfellsbær úthluti lóðum til að byggja leiguheimili til að lækka húsnæðis-verð. Íbúahreyfingin og Píratar vilja að mótuð verði stefna um að byggja íbúðir á viðráðanlegu verði, bæði til leigu og kaupa í Mosfellsbæ.

Íbúahreyfingunni og Pírötum þykir mál til komið að rjúfa kyrrstöðu í mikilvægum málaflokkum í Mosfellsbæ og erum við er tilbúin til að ganga í það verk af heiðarleika og festu eftir kosningar.



Áherslur okkar

Gegnsæi og íbúapátttaka

- Fagleg, heiðarleg og gegnsæ stjórnsýsla með opnu bókhaldi
- Ráðum ópólitískan bæjarstjóra
- Tökum hagsmuni heildarinnar fram yfir sérhagsmuni
- Aukum íbúapátttöku
- Ákvarðanataka fyrir opnum tjöldum
- Íbúafundir um málefni bæjarfélagsins

Fræðslu- og skólamál

- Heildræn samvinna fagaðila í málefnum skólabarna
- Málefni barna með sérþarfir sett í forgang
- Bætum starfsumhverfi kennara og nemenda
- Skóli, íþróttaaðstaða og tónlistarnám á sama svæði
- Vinnum á virkan hátt gegn einelti
- Bætum aðstöðu til tónlistarkennslu í skólum
- Lækkum leikskólagjöld

Húsnæðis- og skipulagsmál

- Mosfellsbær axli samfélagslega ábyrgð í húsnæðismálum
- Leysum húsnæðisvanda ungs fólks og tekjulægri íbúa
- Heildræn skipulagsstefna í samráði við íbúa
- Skipulagsvald tekið alvarlega og skipulagi ekki breytt lóð fyrir lóð
- Látum hagkvæmni og vandaða húsagerð fara saman
- Eflum almenningssamgöngur og fjölgum hleðslustöðvum fyrir rafbíla

Útivist og umhverfi

- Íþrótt- og útivistarsvæði við allra hæfi
- Viðhöldum og leggjum samfellda útivistarstíga í öllum bæjarhlutum
- Mótum skógræktarstefnu og tökum inn í bæjarSKIPULAG
- Kortleggjum land með tilliti til náttúrugæða og umhverfisverndar
- Mælum og miðlum loft- og vatnsgæðum til íbúa í rauntíma
- Verðum plastpokalaus bær og aukum flokkun á úrgangi

Velferð fyrir alla

- Fjárhagsaðstoð taki mið af grunnframfærslu
- Vönduð fjárhagsáætlanagerð
- Bætum grunnþjónustu við íbúa
- Eflum heimaþjónustu aldraðra
- Bætum aðgengi fatlaðra og innleiðum NPA strax
- Virk atvinnu- og lóðastefna fyrir lítil- og meðalstór fyrirtæki

Rjúfum kyrrstöðu í Mosfellsbæ!

Við fáum tækifæri til þess að kjósa og nýta lýðræðislegan rétt okkar á laugardag 26. maí. Í Mosfellsbæ eru átta listar í framboði og því mikilvægt að kjósendur kynni sér vel fyrir hvað þeir standa og hverju þeir eru líklegir til að áorka. Við í Íbúahreyfingunni og Pírötum teljum að það sé kominn tími á meiriháttar breytingar í bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Á kjörtímabilinu féll það í hlut Íbúahreyfingarinnar að veita meirihluta Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna öflugt aðhald. Það gerðum við með vönduðu málefnastarfi og með því að beina sjónum að málaflokkum sem hafa verið aftast í forgangs röðinni frá því að Sjálfstæðisflokkurinn komst til valda í Mosfellsbæ 2002. Íbúahreyfingin hefur stutt öll góð málefni, án tillits til þess hvaðan þau komu. Við höfum sýnt festu og gert það sem við gátum til að opna umræðu um bæjarmál, oft í óþökk sitjandi meirihluta. Á kjörtímabilinu lét Samfylkingin lítið fyrir sér fara í bæjarstjórn, fylgdi meirihlutanum oft að málum eða sat hjá.

Frá árinu 2006 hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki verið einn á báti. Vinstri græn hafa treyst valdastöðu hans síðastliðin 12 ár, jafnvel þótt þess hafi ekki gerst þörf. Árið 2014 fékk Sjálfstæðisflokkur til dæmis hreinan meirihluta. Í stað þess að freista þess að mynda öfluga stjórnarandstöðu í þágu jafnræðishugsunar og velferðar ákváðu Vinstri græn að treysta völd Sjálfstæðisflokksins með auknum meirihluta.

Fyrir síðustu kosningar tjáðu fulltrúar Vinstri grænna kjósendum að þeir gengju óbundnir til kosninga. Önnur varð raunin. Þau segjast nú ganga óbundin til kosninga aftur. En sporin hræða. Sömu aðilar skipa efstu sæti á lista og erfitt að trúa öðru en að atkvæði greidd Vinstri grænum skili sér beint í stuðningi við Sjálfstæðisflokkinn. Það hefur einkennt samstarf þessara flokka að Vinstri græn hafa gefið stefnumál sín eftir. Trúverðugleiki framboðsins er því nánast enginn.

Íbúahreyfingin vill rjúfa kyrrstöðuna sem einkennt hefur stjórnsmál í Mosfellsbæ síðastliðin 16 ár. Það er lýðræðinu ekki hollt að sömu stjórnsmálaöfl séu áratugum saman við stjórnvölinn. Þegar flokkar verða svo heimakærir að þeir aðgreini ekki lengur eigin hagsmuni frá hagsmunum heildarinnar er komin þörf fyrir endurnýjun.

Við óskum eftir umboði ykkar á kjördag til að halda áfram að standa vörð um velferð og hagsmuni bæjarbúa. Kæru Mosfellingar setjið X við Í.

Náttúruvernd er okkar hjartans mál

Náttúruvernd er eitt mikilvæg-asta málefni mannkynsins nú og í framtíðinni. Okkur ber að hlúa að vistkerfum jarðar og sjá til þess að þau virki áfram okkur í hag. Án heilbrigðra vistkerfa þrífst ekkert líf á jörðinni. Til að vernda náttúrugæði er nauðsynlegt að þekkja vel lögmál náttúrunnar.

En hvað er náttúra? Hún er það sem þróaðist á jörðinni án tilstilli mannsins og er í sífelldri þróun. Það er ekkert lokastig til í náttúrunni. Náttúran er allt í kringum okkur, hún vex, dafnar og deyr. Hún er lífið. Hún er síbreytileg og þróast á eigin forsendum. Hún er sjálfbær. Hún getur verið ofurviðkvæm en einnig alveg ótrúlega seig og hörð af sér. Náttúran er flókið samspil

allra lífvera, lofts, vatns, jarðvegs og bergs. Lífverurnar eru allt frá því að vera örverur sem sjást ekki með berum augum til stórra og voldugra lífvera á borð við spendýr og fila.

Án heilbrigðra og vel starfandi vistkerfa lifum við ekki af. En mennirnir hafa alltaf haft tilhneigingu til að breyta og „bæta“ náttúruna svo að hún þjóni okkur sem best. Þannig höfum við af fávísku eða skammtíma-gróðahyggju gegn um tíðina eyðilagð það sem okkur er lífsnauðsynlegt og við gerum enn. Í landi Mosfellsbæjar eigum við talsvert eftir af dýrmætum náttúrusvæðum. Við höfum aðgang að lágreistum fjöllum, skóglendi, ám, vötnum og dásamlegri strandlengju. Sum svæðin eru í mikilli hættu og sem dæmi má nefna þau mýrlendi sem enn standa óhöggðuð. En sérstaklega verð-

ur mér hugsað til Varmár sem verður reglulega fyrir mengunarslysum.

Fyrirbyggjandi náttúruvernd mun borga sig margfalt í framtíðinni. Uppbygging náttúrusvæða sem hafa hnignað og orðið fyrir alvarlegum

skemmdum er mjög kostnaðarsöm og tekur langan tíma. Leyfum náttúrunni að njóta vafans og pössum hana vel þannig að hún geti áfram veitt okkur þá þjónustu sem við þurfum.

Stefna Í-lista í náttúruverndarmálum er að:

- Auka framlög til náttúruverndar.
- Kortleggja bæjarlandið með tilliti til náttúrugæða.
- Vakta svæðin sem við viljum vernda reglulega og skrá allar breytingar þannig að hægt sé að grípa inn í tæka tíð og fyrirbyggja alvarlegt tjón.
- Hugsa langt fram í tímann í skipulagsmálunum þannig að unnt sé að byggja upp útivistarsvæði til frambúðar og leyfa skóglendunum að vaxa og dafna.
- Móta stefnu um fræðslu í umhverfis- og náttúruverndarmálum og fá sem flesta til að hafa vistvænan lífstíl.
- Auka umhverfismennt í skólum með útikennslu, góðu kennsluefni og vel menntuðum kennurum, því þar er lagður grunnurinn.

Hvað er á bak við glansmyndina?

Í Mosfellsbæ er gott að búa, stórkostleg náttúra og gott fólk. Leikskólarnir eru til fyrirmyndar, íþróttafólkið okkar stendur sig vel, félagsleg forvarnarvinna með börn og unglinga er öflug, hvort sem horft er til íþróttar, tónlistar, leiklistar eða annarra tórstunda.

Pegar rýnt er í málin kemur þó fljótt í ljós að þrátt fyrir allt það góða er margt sem þarf að laga. Á bak við glansmyndina er eru vandamál af þeirri stærðargráðu að ráðast þarf í meiriháttar breytingar á stjórnarháttum í Mosfellsbæ.

Íþróttamannvirki við Varmá

Á íbúafundi Aftureldingar um íþróttamál í Hlégarði 15. maí kom skýrt fram að málum er lítt fylgt eftir og vinnubrögð ómarkviss og ófagleg hjá bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ. Þrátt fyrir að framkvæmdastjóri og yfirstjórn Aftureldingar hafi ítrekað fundað með bæjarstjóra og embættismönnum var upplýsingum um slæmt ástand íþróttamannvirkja við Varmá ekki miðlað áfram til kjörinna fulltrúa. Þetta er auðvitað ólíðandi. Bæjarstjórnin getur ekki starfað markvisst, brugðist við og gripið til aðgerða ef setið er á upplýsingum. Öll málefni sem varða hagsmuni Mosfellinga og félaga sem starfa hér í þeirra þágu á að ræða opinskátt í nefndum og ráðum sveitarfélagsins. Það hefur sjaldan verið augljósara en á íbúafundi Aftureldingar hve upplýsingagjöf innan stjórnkerfis Mosfellsbæjar er ábótavant. Í þessu tilviki hefur fjárhagsleg afkoma Aftureldingar skaðast og íþróttaiðkendur beðið heilsutjón á meðan beðið er eftir aðgerðum.

Skipulagsmál

Heildræn sýn í skipulagsmálum í samvinnu við íbúa í Mosfellsbæ er heldur ekki til staðar. Bæjarstjórnin tekur ekki

skipulagsvald sitt alvarlega og leyfir breytingar á skipulagi lóð fyrir lóð. Byggingarfélög fá leyfi til að byggja á ákveðnum svæðum og er síðan heimilað að breyta skipulaginu.

Uppbygging í miðbænum á milli nýja Bónuss og Framhaldsskólans ber þess vitni en þar var gert ráð fyrir 52 íbúðum í upphaflegu deiliskipulagi en nú er verið að byggja 145 íbúðir á þeim reit. Í þessum miklu breytingum frá upphaflegu deiliskipulagi hefur ekki verið hugað að þörfinni fyrir aukið skólahúsnæði og ekki vitað hvar þau börn eigi að ganga í skóla sem þangað flytja. Það er ekki að ástæðulausu að Í-listinn vill heildræna sýn í skipulagsmálum bæjarfélagsins. Hagsmunum allra Mosfellinga má ekki fórna fyrir sérhagsmuni eða skammtímagróða!

Félagslegt húsnæði

Í Mosfellsbæ eru 31 félagsleg íbúð í eigu sveitarfélagsins og hefur félagslegum íbúðum einungis fjölgað um eina frá 2002. Sveitarfélagið er því ekki að sinna samfélagslegri skyldu sinni hvað félagslegt húsnæði varðar. Þetta er ekki ásættanlegt. Hlutfallslega er fjöldi félagslegra íbúða í Mosfellsbæ miklu minni en í Reykjavík. Í Mosfellsbæ eru 325 manns um hverja félagslega íbúð en í Reykjavíkur eru það 50 manns. Það er vel þekkt að fólk flytjist úr bænum vegna húsnæðisskorts.

Í Mosfellsbæ eiga allir að geta búið og við eigum sem samfélag að sinna skyldum okkar við þá sem þurfa aðstoð við að koma sér upp heimili. Það er það minnsta sem við getum gert! Vöntun er einnig á húsnæði fyrir ungt og tekjulægra fólk en engin stefna hefur verið tekin í þessum mikilvæga málaflokki. Erlendis eru sveitarfélög að vinna markvisst í þessum málum með byggingu blandaðra hverfa. Þau leyfa jafnvel ekki byggingu svæða án þess að hluti þeirra séu leiguíbúðir, íbúðir fyrir tekjulægra fólk eða félagslegar íbúðir. Unnið er eftir skýrri framtíðar-

stefnu um framtíðaruppbyggingu svæða með það markmiði að skapa gott samfélag fyrir alla.

Skólamál

Skólamálin eru í ólestri og eru mörg vandamál sem hafa þar áhrif á. Eitt af því sem er hvað alvarlegast er vaxandi kvíði og vanlíðan nemenda samkvæmt könnunum. Einelti er einnig stórt vandamál í sumum skólum sem við verðum að vera virk í að vinna gegn. Faglega aðstoð vantar einnig fyrir börn með fjölbætt vandamál, þar á meðal hegðunarvandamál.

Starfsumhverfi kennara er einnig ábótavant. Varmárskóli sem var þekktur fyrir að vera einn af bestu skólum landsins hefur misst frá sér fjölda kennara. Einn þeirra hafði fengið verðlaun fyrir að vera besti kennari landsins á sínu sviði. Í-listinn telur að taka þurfi á vandamálum fræðslu- og skólamála með festu, styrkja grunnstarfið og gera raunsæja framtíðarstefnu sem tekur mið af áskorunum nútímasamfélags og fjölgun íbúa í Mosfellsbæ. Forgangsatriði er að starfsumhverfi barna okkar og kennara sé til fyrirmyndar svo faglegt starf fyrir öll börn geti farið þar fram.

Stjórnsýsla

Mörg önnur dæmi væri hægt að nefna hér máli okkar til stuðnings en lykilatriðið er að einkenni markvissrar stjórnsýslu eru fagmennska, góð upplýsingagjöf og gegnsæi. Við í Íbúahreyfingunni og Pírötum viljum ráða ópólitískan bæjarstjóra á næsta kjörtímabili sem tengir starfsmenn bæjarins og kjörna fulltrúa á faglegan hátt svo stjórnkerfi Mosfellsbæjar þjóni íbúum betur. Markmiðið er að tryggja að hagsmunir og velferð Mosfellinga séu höfð að leiðarljósi í allri stjórnsýslu. Upplýsingum sé miðlað og reglum framfylgt svo kjörnir fulltrúar nái að sinna hlutverki sínu gagnvart íbúum sveitarfélagsins. Við þurfum að taka á vandamálum með festu og heiðarleika og þurfum að gæta fagmennsku í hvívetna.

Heilsueflandi samfélag fyrir alla

Íbúar í Mosfellsbæ eru stoltir af því að tilheyra heilsueflandi samfélagi þar sem lögd er áhersla á að heilsa og líðan allra bæjarbúa sé höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun. Heildræn nálgun er lykillinn að árangri en umhverfið getur haft jákvæð áhrif og stuðlað að heilsueflandi lífstíl. Að stuðla að betri heilsu, líðan og lífsgæðum bæjarbúa er leiðarljós Mosfellsbæjar.

Aðbúnaður Aftureldingar

Regluleg hreyfing er lykilatriði til að viðhalda heilsu og hreysti. Í Mosfellsbæ eru margar leiðir til þess í gegnum íþróttafélögin Aftureldingu, hestamannafélagið, golfklúbbinn o.fl. Ungmennafélagið Afturelding er stærsti félagslegi vettvangur barna- og foreldrastarfs í Mosfellsbæ. Félagið býður upp á óvenju fjölbreytt úrval íþróttagreina fyrir börn og unglinga og ættu styrkir bæjarfélagsins til Aftureldingar að endurspegla það. Aðstöðuleysi hefur háð félaginu lengi og íþróttafólk orðið fyrir meiðslum sem má m.a. rekja til úreltra gólfefna sem ekki standast kröfur samtímans um aðbúnað barna og ungmenna í íþróttastarfi. Búningsklefarnir eru auk þess of fáir og hreinlætisaðstaðan ekki góð. Íþróttamiðstöðina hefur lengi sárlega vantað félagsaðstöðu þar sem iðkendur geta hist og haft samskipti. Ný og betri félagsaðstaða mun styrkja hjartað í Aftureldingu sem hefur veikt. Bygging hennar er löngu tímabær.

Íþróttir fyrir alla

Bæjarfélagið þarf að sinna betur stefnunni „íþróttir fyrir alla". Alltof mörg ungmenni flosna upp úr starfi íþróttafélaga vegna þess að þau eiga ekki von á að komast í keppnislíð af því að þau eru „ekki nógu góð". Afreksíþróttir geta einungis blómstrað á breiðum grunni með mörgum iðkendum. Börn sem byrja að stunda íþróttir horfa gjarnan upp til fyrirmynda sem eru komnar lengra. Þannig að almenn iðkun og keppnisíþróttir haldast í hendur. Þeir sem finna sig ekki í keppnisíþróttum eða þrekþjálfun þurfa að fá hvatningu til að stunda reglulega hreyfingu og útivist, óháð aldri. Það þarf að vera gaman að iðka íþróttir, bæði fyrir keppnisfólk og þá sem stunda þær til að njóta félagsskaparins eða bæta heilsuna.

Íbúahreyfingin og Píratar leggja áherslu á að í yngri flokkum starfi vel menntaðir þjálfarar sem eru vakandi fyrir einelti. Við viljum fá tíma í íþróttasölunum þar sem fólk á öllum aldri fær tækifæri til að leika sér og gjarnan foreldrar með börnum sínum. Það vantar einnig útileikvelli til að iðka blak, körfubolta, hjólabretti, botsía og alls konar aðrar þrautir. Ekki má gleyma eldra fólkinu sem fær sína hreyfingu með daglegum gönguferðum. Þess vegna þarf að viðhalda útivistarstígum bæjarfélagsins. Viða í bænum þarf að setja upp bekkir til þess að unnt sé hvíla sig eftir þörfum hvers og eins. Á veturnar væri gott fyrir þann hóp að hafa aðgang að aðstöðu til hreyfingar innanhúss í íþróttamiðstöðinni að Varmá.

Í-listinn mun vinna að því að auka og bæta íþróttaaðstöðu bæjarfélagsins fyrir alla.

Vaxtarverkir í skólamálum

Fátt er okkur mikilvægara en að börnin okkar njóti góðrar menntunar og að þeim líði vel í skólanum en skólar í Mosfellsbæ njóta almennt virðingar. Leikskólarnir eru orðnir sjö, grunnskólarnir eru þrír og sá fjórði í byggingu í Helgafellslandi. Ör og óreglulegur vöxtur sveitarfélagsins hefur gert það að verkum að erfitt hefur reynst að áætla fjölda nemenda fyrirfram.

Varmárskóli er sá skóli sem liggur landfræðilega næst hverfunum sem eru í uppbyggingu. Fyrir vikið er Varmárskóli nú einn fjölmennasti grunnskóli landsins og stefnir fjöldinn hraðbyr í yfir níuhundruð nemendur. Mjög hefur þrengt að skólastarfinu og hafa foreldrar lýst yfir áhyggjum sínum og kallað eftir fundum með skólastjórnendum og bæjaryfirvöldum.

Fyrir utan fjölda nemenda eru aðrir þættir sem þarf að taka á. Skólinn hefur mælst undir landsmeðaltali í samræmdum prófum í stöku greinum og aldurshópum og kvartað hefur verið undan agaleysi og einelti. Skortur er einnig á sérfræðiaðstoð og stoðkennslu fyrir börn með sérþarfir. Þessi atriði þarf að taka föstum tökum. Húsnæði skólans er komið til ára sinna og hefur heyrst að úttekt verkfræðistofu, sem ekki hefur skilað sér til fræðslunefndar, bendi til þess að mögulega þurfi að gera umfangsmiklar viðgerðir á skólabyggingum. Frekari skoðunar er þörf á aðbúnaði í Varmárskóla og býður það verkefni nýrrar bæjarstjórnar.

Fleira hefur sett svip sinn á skólastarf í Mosfellsbæ. Borið hefur á því að líðan barna og ungmenna fari versnandi í grunnskólum. Skólar í Mosfellsbæ hafa einnig komið misjafnlega vel út í könnunum PISA. Stærri sveitarfélög eins og Reykjavík hafa leitað eftir aðstoð erlendra sérfræðinga og menntavísindasviðs Háskóla Íslands í þeim tilgangi að kryfja orsakir versnandi gengis grunnskóla á Íslandi í PISA og móta nýja menntastefnu. En ekkert verður gert án kennara! Óánægja grunnskólakennara með kjarasamninga, sem nú eru aftur opnir, leiddi til þess að skólar á landsvísu ákváðu að gera könnun á starfsumhverfi kennara, ásamt aðgerðaráætlun, svokallaðan Vegvísi. Sú vinna er ennþá í fullum gangi og mikið í húfi að vel takist til því atgervisflótti er í kennarastétt og lítil nýliðun í kennaranámi.

Í Mosfellsbæ er nauðsynlegt að endurskoða skólastefnu og gera áætlanir um uppbyggingu og viðhald skólamannvirkja og takast á við við þau vandamál sem nú eru til staðar. Okkur er ekki til setunnar boðið. Íbúahreyfingin og Píratar munu beita sér fyrir endurbótum á nýju kjörtímabili fá framboðið umboð kjósenda til að sitja áfram í bæjarstjórn.





1. Sigrún H. Pálsdóttir
B.A. í heimspeki, bæjarfulltrúi og leiðsögumaður. Sigrún er gift Eggerti B. Ólafssyni lögmanni og á tvö börn, Pál Ragnar og Margréti Pórhildi.



2. Kristín Vala Ragnarsdóttir
PhD í jarðefnafræði, prófessor og sérfræðingur í sjálfbærni. Kristín Vala er gift Harald Sverdrup, prófessor, og eiga þau saman 10 börn og þrjú barnabörn.



3. Friðfinnur Finnbjörnsson
Námsmaður, lagerstarfsmaður og bílstjóri. Friðfinnur er giftur Paulína G. Romero og eiga þau tvö börn, Leiu Sif og Eric Aðalvíking.



4. Kristín Nanna Vilhelmsdóttir
Öryrki og bókmenntafræðnemi. Kristín Nanna á þrjú börn Úlfhildi Stefaníu, Vilhelm Bjarnar og Ingunni Dýrleif.



5. Benedikt Erlingsson
Leikari og leikstjóri. Benedikt er giftur Charlotte Bøving, leik konu, og á hann fimm börn.



6. Úrsúla Jünemannn
Kennari og leiðsögumaður. Úrsúla er gift Guðjóni Jenssyni bókasafns- og upplýsingafræðingi og á tvo syni, Jens Bernward og Pál Helmut.



7. Gunnlaugur Johnson
Arkitekt með eigin teiknistofu og leiðsögumaður. Gunnlaugur er giftur Hjördísi Bjartmars Arnardóttur og á þrjár dætur; Ingibjörgu, Guðrúnu og Helenu.



8. Marta Sveinbjörnsdóttir
Háskólanemi. Marta er gift Pablo González og á tvö börn Evu Kalilu og Sabestían Daniel.



9. Jón Jóhannsson
B.A í glerlist, skógrækta-, grænmetis- og túristabóndi að Mosskógum í Mosfellsdal. Jón er í sambúð með Valgerði B. Ólafsdóttur og eiga þau saman 3 börn.



10. Sigrún Guðmundsdóttir
Umhverfis- og auðlindafræðingur. Hún er gift Ævari Erni Jósepsyni, fréttamanni og rithöfundu, og á tvær dætur, Þórhildi Sunnu og Eddu Karólínu.



11. Birta Jóhannesdóttir
Sjálfstætt starfandi leiðsögumaður.



12. Emil Pétursson
Húsasmíðameistari og byggingarstjóri og rekur eigið fyrirtæki í Mosfellsbæ. Emil er í giftur Ólafíu Bjarnadóttur og hann á fjögur börn.



13. Hildur Margretardóttir
Myndlistarkona og kennari. Hildur er gift Jóhannesi B. Eðvarðssyni húsasmíðameistara og á tvö börn, Unu og Hafstein Snorra.



14. Sigurður G. Tómasson
Fyrirverandi leiðsögumaður og útvarpsmaður. Sigurður er giftur Steinunni Bergsteinsdóttur, myndlistarkonu og textilhönnuði og á tvo uppkomna syni, Berg og Stein.



15. Páll Kristjánsson
Hnífasmíður. Páll rekur eigið verkstæði í Mosfellsbæ. Hann á fjögur uppkomin börn, átta afabörn og þrjú langafabörn.



16. Eiríkur Heiðar Nilsson
Tölvunarfræðingur og rekur eigið vefstúdíó. Eiríkur er giftur Berglindi Ýr Karlsdóttir danshöfundu og sálfræðinema, og á einn son og á von á sínu öðru barni.



17. Sæunn Þorsteinsdóttir
Myndlistarkona og húsfreyja. Sæunn er gift Ásgeiri E. Guðnasyni og á tvo syni, Fjölni og Trausta.



18. Kristín I. Pálsdóttir
Verkefnisstjóri við Háskóla Íslands og talskona Rótarinnar. Kristín er gift Ib Göttler, landbúnaðartækni- og á dæturnar Margréti sem lést árið 1991, Sigrúnu og Matthildi Louise.



www.ibuahreyfinginogpiratar.is

Útgefandi: Íbúahreyfingin og Píratar í Mosfellsbæ
Heimasíða: ibuahreyfinginogpiratar.is
Netfang: postur@ibuahreyfinginogpiratar.is
Ritstjóri: Bryndís Pjetursdóttir
Prentun: Samskipti